

Greinargerð fastanefndar Fjórðungssambands Vestfirðinga um samgöngumál

Undanfarin fjögur ár hefur fastanefnd Fjórðungssambands Vestfirðinga í samgöngumálum starfað. Hlutverk hennar hefur verið að fylgja eftir þeim áherslum í samgöngumálum sem ákveðnar hafa verið af vestfirskum sveitarstjórnarmönnum hverju sinni. Leiðarljós nefndarinnar hefur verið stefnumótun í samgöngumálum sem samþykkt var á Fjórðungssþingi árið 2004.

Nefndina skipa: Anna Guðrún Edvardsdóttir, formaður, Þórólfur Halldórsson, Jóhann Hannibalsson, Már Ólafsson og Gústaf Jökull Ólafsson.

Á síðasta Fjórðungssþingi var samþykkt ályktun um að hefja skyldi vinnu við endurskoðun samgönguáætlunarinnar frá 2004. Ástæða þess að tímabært þótti að endurskoðunin færi fram á þessum tímapunkti var að mörg þeirra stóru verka sem barist hefur verið fyrir á undanförunum árum er rétt ólokið, önnur langt komin, nokkur nýhafin og einhver við það að hefjast.

Samþykkt var einnig að þau sveitarfélög sem ekki eiga fulltrúa í samgöngunefnd Fjórðungssambandsins skyldu tilnefna fulltrúa í endurskoðunarnefndina og voru nefndarmenn alls 11 talsins en starfsmaður nefndarinnar var framkvæmdastjóri Fjórðungssambandsins.

Nefndin hélt fjóra vinnufundi og kallaði að auki ýmsa fagaðila til fundar til upplýsinga um einstök mál.

Á morgun verður skýrsla endurskoðunarnefndarinnar til umfjöllunar og þar verður farið ytarlega yfir tillögur nefndarinnar og skipst á skoðunum um þær. Það er hins vegar mikilvægt sátt verði um þær tillögur sem endanlega verða samþykktar, því stefnt er að því að þær tillögur sem hér verða samþykktar fari inn í umræðu og endurskoðun á samgönguáætlun ríkisstjórnarinnar sem samgönguráðherra hefur boðað nú á haustmánuðum.

Ég vil að lokum þakka nefndarmönnum öllum og framkvæmdastjóra fyrir gott samstarf við þess vinnu og vil taka fram að einhugur ríkir innan nefndarinnar um þær tillögur sem fram koma í skýrslunni.

Anna Guðrún Edvardsdóttir, formaður